

# FRÉTTABLAÐIÐ

150. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR

— MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\* —

MÁNUDAGUR 27. JÚNÍ 2016

## Guðni Th. Jóhannesson sjötti forseti lýðveldisins



→4, 6 og 8

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

MÓTMÆLI Í BRETLANDI VEGNA BREXIT 10 • STRÁKARNIR OKKAR MÆTA ENGLANDI 16 • GERA STUTTMYND UM KYNFERDISOFBELDI Á NETINU 20 • FÖRDUN FYRIR LANDSLEIKINN 32 • PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FASTEIGNIR • FÓLK

TILBOÐ!  
50.000 kr.  
afsláttur



55" Samsung Smart TV 4K Curved

199.990 kr. stgr.

Fullt verð: 249.990 kr.

JU6675

TILBOÐ!  
30.000 kr.  
afsláttur



49" Samsung Smart TV 4K Curved

159.990 kr. stgr.

Fullt verð: 189.990 kr.

KU6505

TILBOÐ!  
30.000 kr.  
afsláttur



49" Samsung Smart TV 4K flatt

149.990 kr. stgr.

Fullt verð: 179.990 kr.


KU6405

## BESTI SJÓNVARPS- DÍLLINN HJÁ NOVA!

Öll snjallsjónvörp tengjast netinu sem gerir allt efni mun aðgengilegra. Snjallasta leiðin til að horfa á sjónvarp.

Stærsti  
skemmtistaður  
í heimi!  
**NOVA**

## Veður



Í dag er ekki von á miklum breytingum á veðri, nokkuð hægur vindur og víða skúrir, einna síst þó á Austurlandi. Það kólnar heldur í veðri og má búast við hita á bilinu 10 til 15 stig.

SJÁ SIÐU 22

## Flugumferðarstjórar semja

**KJARAMÁL** Samtök atvinnulífsins f.h. Isavia og Félag íslenskra flugumferðarstjóra (FÍF) undirrituðu kjarasamning á þriðja tímanum aðfaranótt laugardags. Samningurinn er til ársloka 2018.

Kjarasamningurinn verður nú kynntur stjórn Isavia og félagsmönnum FÍF og hann borinn undir atkvæði. Niðurstaða mun liggja fyrir eigi síðar en 10. júlí.

Samningar við flugumferðarstjóra urðu lausir í nóvember á síðasta ári og eftir að ekki gekk að semja fóru flugumferðarstjórar í yfirvinnubann snemma í apríl. Það merkir að þeir ganga venjubundnar vaktir en taka ekki yfirvinnuvaktir. Þetta hefur valdið röskun á flugumferð á Keflavíkurflugvelli.

Lög voru sett á yfirvinnubannið af Alþingi snemma í júní en þau kváðu á um að gerðardómi yrði gert að ákveða um kaup og kjör flugumferðarstjóra ef ekki tækist að semja fyrir 24. júní. – sg

» Flugumferðarstjórar fóru í yfirvinnubann í apríl sem hefur valdið röskun á flugumferð.

## Maðurinn fannst látinn

**LÖGREGLUMÁL** Héðinn Garðarson sem lýst var eftir síðastliðinn föstudag og fannst á laugardaginn var látinn þegar hann fannst. Þetta kemur fram í tilkynningu frá lögreglunni á Norðurlandi eystra en í henni segir að upplýst sé um þetta að ósk aðstandenda Héðins.

Héðinn var 43 ára gamall. Hann fór frá heimili sínu á Akureyri um klukkan 9 á föstudagsmorgun og hafði ekki sést til hans síðan.

Lögreglan itrekar þakkir til þeirra sem aðstoðuðu við leitina og gáfu upplýsingar um ferðir Héðins. – sg

## Risastór stund fyrir íslenska knattspyrnu í Nice í kvöld



Strákarnir okkar í íslenska fótboltalandsliðinu eru komnir suður á Rivieruna þar sem þeir ætla sér að skrifa nýjan kafla í heimsfrægt ævintýri sitt á Evrópumótinu í Frakklandi. Mótherjar kvöldsins eru ekki af lakari gerðinni heldur enska landsliðið, sem hefur gegnum tíðina verið uppáhaldslið margra Íslendinga á stórmótum. Íslenska liðið æfði á vellinum Allianz Riviera í gær og hér sjást landsliðspjálfarearnir Lars og Heimir stappa stálinu í okkar menn á æfingunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Munu fylgja ráðgjöf í þaula

**SJÁVARÚTVEGUR** Tillögum Hafnansóknastofnunar um ráðlagðan heildarafla í öllum tegundum er fylgt í þaula eins og undanfarin ár. Þetta er ákvörðun Gunnars Braga Sveinssonar sjávarútvegsráðherra eftir samráð í ríkisstjórn.

Í tilkynningu frá ráðuneytinu segir að Gunnar Bragi itrekaði nauðsyn þess að stórauka fjármagn til hafrannsóknna, þar sem ráðgjöf er að margra mati viss vonbrigði miðað við væntingar, eins og ráðherra tekur fram. Svára verði lykilsurningum um til dæmis hvers vegna nokkrir árgangar þorsksins eru að létast, en kvótinn í þorski var aðeins aukinn um 5.000 tonn – í 244.000 tonn. – shá



Gunnar Bragi Sveinsson sjávarútvegsráðherra

# 5.000 inneignarkort á veitingastað ónothæf

Veitingastaðnum Lifandi markaði hefur verið lokað. Þúsundir inneignarkorta voru seld nokkru áður á sölusíðunni Aha.is. Neytendastofa segir Aha.is ganga lengra en lögin kveða á um með því að gefa kaupendum kortanna inneign hjá sér.

**NEYTENDUR** Veitingastaðnum Lifandi markaði var lokað á dögum en um 5.000 inneignarkort fyrir tíu drykkjum á staðnum höfðu verið seld nokkru áður á vefsíðunni Aha.is. Inneignarkortið kostaði 4.990 krónur og fjölmargir höfðu ekki notað kortið þegar staðnum var lokað.

„Það eru nokkur fyrirtæki sem við höfum átt viðskipti við sem hafa farið á hausinn. Við bregðumst alltaf við með það að leiðarljósi hvað sé best fyrir neytendur,“ segir Helgi Már Þórðarson, eigandi Aha.is, en fyrirtækið mun gefa öllum þeim, sem geta ekki nýtt inneignarkortið, inneign hjá Aha.is.

„Við töpum á þessu já, en til langs tíma litið verða viðskiptavinir okkar ánægðir og við fáum fleiri viðskiptavinir. Við værum aldrei orðin fimm ára gömul hefðum við ekki gert þetta frá byrjun.“

Aha.is var búid að greiða Lifandi markaði fyrir kortin að stærstum hluta. „En ekki alveg allt. Venjulega fá fyrirtæki jafnóðum greiðslur frá okkur en þegar um er að ræða svona klippikort þá sláum við varnagla við og greiðum ekki allt að fullu stax,“ segir Helgi og bætir við að eigandi Lifandi markaðar hafi komið heildarlega fram þegar hann sá í hvað stefndi.

Helgi segir fyrirtækið hafa aðgang að Creditinfo og geti þannig skoðað sögu fyrirtækja sem á að fara í samstarf við. Í þessu tilfalli hafi sagan þó ekki verið skoðuð enda hafi þau treyst fyrirtækinu og haldið að það væri stöðugt.

Í svari frá Neytendastofu vegna málsins kemur fram að þegar klippi-



Aha.is var búid að greiða Lifandi markaði klippikortin upp að stærstum hluta og tapaði því á viðskiptunum.

Við töpum á þessu já, en til langs tíma litið verða viðskiptavinir okkar ánægðir og við fáum fleiri viðskiptavinir.

Helgi Már Þórðarson, eigandi Aha.is



kortið hafi verið sótt sé samningsambandi neytandans og Aha.is í raun lokið, svo neytandinn á ekki lögbundna kröfu á Aha.is vegna þessa. Því gangi Aha.is lengra en lögbundin skylda fyrirtækisins kveði á um og sé því í rétti til að veita inneign í stað endurgreiðslu.

Þá segir að engin opinber stofnun hafi eftirlit með því hvernig farið er með kröfur neytenda þegar fyrirtæki fara í þrot eða loka og vanefna þar með samningsskyldu sína gagnvart neytandanum. Neytendastofa hafi ekki tekið ákvörðun í máli þar sem komi til álita hvort þetta teldust óréttmætir viðskiptahættir og því geti stofnunin ekki svarað því á þessu stigi. nadine@frettabladid.is

# Vélorff

Mikið úrval vélorffa með tvígengis- eða fjörgengismótor

**PÓR F**

Reykjavík: Krókháls 16, 110 Reykjavík, Sími 568-1500  
Akureyri: Lönsbakka 601 Akureyri, Sími 568-1555  
Opnunartími: Opnið alla virka daga frá kl 8:00 - 18:00, Lokað um helgar  
Vefsíða og netverslun: www.thor.is



TOYOTA

ALWAYS A  
BETTER WAY

# STÓRLAXÍ HÁDEGISMAT BARA SVONA HILUX DAGUR



## Nýr Hilux – lúxus í leik og starfi

Endurhannaður að utan sem innan með þægindi og afköst í huga. Þessi sterkbyggði harðjagl er núna með nýrri og togmeiri vél og hlaðinn þægindum sem fylgja þér alla leið í öruggum og afslöppuðum akstri.

Fáðu nánari upplýsingar á [www.toyota.is](http://www.toyota.is)

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

Kynntu þér **Toyota FLEX**

- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

Lág  
innborgun

Tryggt  
fram tíðarvirði

Fastar  
mánaðargreiðslur



**Toyota Kaupúni**  
Kaupúni 6  
Garðabæ  
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**  
Baldursnesi 1  
Akureyri  
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**  
Njarðarbraut 19  
Reykjanesbæ  
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**  
Fossnesi 14  
Selfossi  
Sími: 480-8000

Billinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega þann búnað sem tilgreindur er. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

FORSETAKOSNINGAR 2016

## Lengri barátta ekki endilega endað öðruvísi

Kjörsóknin í nýliðnum forsetakosningum, sem mældist 75,7 prósent, var í takt við kosningu nýs forseta. Hún var minni fyrir fjórum árum þar sem þjóðin var ekki að kjósa sér nýjan forseta á kjördag. Þetta er mat Eiríks Bergmanns stjórnmálafræðings. Hann segir ómögulegt að segja hvort baráttan hefði endað öðruvísi ef hún hefði verið lengri.

„Kjörsókn á Íslandi hefur í rauninni verið há. Hér er rötgróin og mjög sterk lýðræðishefð, þó að þetta embætti sé sérkennilegt, þá hafa Íslendingar mikinn áhuga á því. Svo kom smávægileg hreyfing á þetta þegar fylgið fór á hreyfingu í lokin,“ segir Eiríkur.

„Ég hugsa að niðurstaðan hefði svo sem ekki endilega orðið önnur ef kosningabaráttan hefði verið lengri. Ég myndi halda að Halla hafi toppað á alveg hárréttum tíma, mikil fylgisaukning í einu hendingsstökki án þess þó að vera meðhöndluð í kosningabaráttunni sem mögulegur forseti. Hún fer óáreitt í gegnum kosningabaráttuna, aðrir frambjóðendur líta ekki á hana sem keppinaut og fjölmiðlar krefja hana ekki svara um feril sinn eins og gert er þegar að fólk á möguleika á kjöri. Hefði kjörið verið seinna, þá hefði hún þurft að sæta meiri gagnrýni.“ Eiríkur telur þó erfitt að meta áhrif þess á fylgið.

Eiríkur segir fylgi Davíðs Oddsonar eitt af stórtíðindunum í kosningabaráttunni. „Hann var lang gagnrýnastur á Guðna og gerði veigamestu tilraunirnar til þess að veða að honum og sá tón og bragur kannski fellur ekkert sérstaklega vel að forsetakjöri. Þetta er annars konar embætti heldur en átakavettvangur stjórnmálanna og ég er ekki viss um að fólki líki sérstaklega vel við þann tón. Ég hugsa að sú útgáfa sem við sáum í sjónvarpinu á kosningakvöldi hafi verið mun vænlegri til árangurs.“ – sg


Ég myndi halda að Halla hafi toppað á alveg hárréttum tíma, mikil fylgisaukning í einu hendingsstökki án þess þó að vera meðhöndluð í kosningabaráttunni sem mögulegur forseti.

Eiríkur Bergmann  
stjórnmálafræðingur




# Úrslit kosninganna um allt landið eftir kjördæmum


## NORÐVESTURKJÖRDÆMI




## SUÐVESTURKJÖRDÆMI




## REYKJAVÍKURKJÖRDÆMI NORÐUR




## REYKJAVÍKURKJÖRDÆMI SUÐUR



## NORÐAUSTURKJÖRDÆMI



## SUÐURKJÖRDÆMI



ASM Andri Snær Magnason - ÁM Ástþór Magnússon - DO Davíð Oddsson - EKJ Elísabet Kristín Jökulsdóttir - GTJ Guðni Th. Jóhannesson - GMP Guðrún Margrét Pálsdóttir - HT Halla Tómasdóttir - HP Hildur Þórðardóttir - SJ Sturla Jónsson

# Guðni hélt forystunni til loka

Næsti forseti Íslands verður Guðni Th. Jóhannesson sem sigraði í forsetakosningum á laugardag með 39,1% atkvæða. Næst á eftir kom Halla Tómasdóttir sem reis hratt síðustu daga fyrir kjörið og hlaut 27,9%.

## FORSETA KOSNINGAR 2016

Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur mun taka við embætti forseta Íslands í ágúst. Hann hlaut 39,1 prósent atkvæða í forsetakosningum á laugardag, samtals 71.356 atkvæði.

Fyrstu tölur komu úr Suðurlkjördæmi á ellefta tímanum en þær sýndu að mjótt var á muninum hjá Guðna og Höllu Tómasdóttur; Guðni hafði 38,6 prósent en Halla kom þar fast á hæla hans með 36 prósent. Guðni hins vegar sigldi nokkuð örugglega fram úr Höllu eftir því sem tölur voru kynntar úr fleiri kjördæmum.

Halla endaði næst Guðna, með 27,9 prósent atkvæða á landsvísi, eða 50.995 atkvæði. Þar á eftir kom Andri Snær Magnason með 14,3 prósent eða 26.037 atkvæði og í fjórða sæti var Davíð Oddsson með 13,7 prósent og 25.108 atkvæði.

Sturla Jónsson fékk 3,5 prósent atkvæða en aðrir frambjóðendur

fengu minna en eitt prósent. Öll fjögur – Ástþór Magnússon, Elísabet Kristín Jökulsdóttir, Guðrún Margrét Pálsdóttir og Hildur Þórðardóttir – fengu færri en 1.500 atkvæði, en til að geta boðið sig fram þurfa frambjóðendur að safna undirskriftum 1.500 kosningabærra manna. Næst því komst Elísabet en hún hlaut 1.280 atkvæði.

Kjörsókn var mjög góð, en 75,7 prósent kosningabærra manna greiddu atkvæði í forsetakosningunum eða 185.390 manns. Það er nokkru meira en fyrir fjórum árum þegar 69,2 prósent nýttu atkvæðisrétt sinn og jókst því kjörsóknin um rúm sex prósent.

Guðni hlaut mest fylgi í Norðausturkjördæmi eða 45,1 prósent en minnst í Suðurlkjördæmi þar sem hann fékk 35,2 prósent atkvæða. Þar var munurinn milli hans og Höllu jafnfram minnstur en Halla hlaut þar 34,2 prósent fylgi en minnst í Reykjavíkurlkjördæmi norður, 22 prósent.

Skóðanakannanir í aðdraganda kosninga gáfu nokkuð glögga mynd



Fyrstu tölur gáfu til kynna að mjótt væri á munum milli Guðna Th. Jóhannessonar og Höllu Tómasdóttur. Guðni náði síðar öruggu forskoti á Höllu og stóð uppi sem sigurvegari og nýkjörinn forseti Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

af því hvernig úrslit kosninganna yrðu, þrátt fyrir að Halla hafi sótt mjög á Guðna á lokasprettinum. Í síðustu könnun Fréttablaðsins, sem birt var þann 21. júní, mældist Halla með 19,6 prósent en Guðni með 49 prósent. Þá hafði Halla bætt við sig tíu prósentustigum í könnunum á

einni viku og hélt sú þróun áfram í kosningunum.

Hundruð hylltu Guðna, nýkjörinn forseta, og fjölskyldu hans á heimili þeirra á Seltjarnarnesi í eftirmiðdaginn í gær. Guðni sagðist þar ætla að reyna vera hann sjálfur í embættinu. fanney@frettabladid.is

# Fiskur vikunnar

27. júní til 1. júlí



Hlýri  
ferskur og marineraður

★ 1.690 kr. kg.



Hlíðasmára 8 | Skipholt 70 | Spönginni 13  
Sími 554 7200 | hafid@hafid.is | facebook

# EM LEIKUR



## ÁFRAM ÍSLAND!

Kauptu NOTAÐAN BÍL af Brimborg og þú gætir unnið ferð fyrir tvo á úrslitaleik EM

### Langar þig á úrslitaleikinn?



Verð: 3.790.000 kr.

**Tilboðsverð: 3.390.000 kr.**

**Ford Kuga Titanium AWD** GGJ84  
Skráður júní 2014, 2,0TDCi dísil, beinskíptur.  
Ekinn 108.000 km.



Verð: 4.290.000 kr.

**Tilboðsverð: 3.690.000 kr.**

**Ford Mondeo Titanium** YOX82  
Skráður apríl 2014, 2,0TDCi dísil, sjálfskíptur.  
Ekinn: 121.000 km.



Verð: 5.990.000 kr.

**Volvo XC60 Summum** HBG65  
Skráður maí 2014, 2,4D4 dísil, sjálfskíptur.  
Ekinn 90.000 km.



Verð: 3.250.000 kr.

**Tilboðsverð: 2.990.000 kr.**

**Citroën Berlingo Multispace** DHE30  
Skráður júní 2014, 1,6 HDi dísil, sjálfskíptur.  
Ekinn 45.000 km.



Verð: 1.090.000 kr.

**Tilboðsverð: 990.000 kr.**

**Ford Fusion Trend** PI155  
Skráður janúar 2007, 1,4TDCi dísil, beinskíptur.  
Ekinn: 130.000 km.



Verð: 6.290.000 kr.

**Tilboðsverð: 5.890.000 kr.**

**Ford Explorer Limited** RYR50  
Skráður desember 2012, 3,5i bensín, sjálfskíptur.  
Ekinn: 130.000 km.



Verð: 3.190.000 kr.

**Tilboðsverð: 2.990.000 kr.**

**Citroën C4 Picasso Seduction** MAZ91  
Skráður febrúar 2015, 1,6HDi dísil, sjálfskíptur.  
Ekinn: 49.000 km. Í ábyrgð.



Verð: 3.190.000 kr.

**Tilboðsverð: 2.850.000 kr.**

**Volvo V40 Kinetic** TBM05  
Skráður apríl 2014, 1,6D2 dísil, beinskíptur.  
Ekinn 64.000 km.



Verð: 1.890.000 kr.

**Tilboðsverð: 1.790.000 kr.**

**Ford Fiesta Titanium** NPF32  
Skráður september 2012, 1,4TDCi dísil, beinskíptur.  
Ekinn 33.500 km.



Verð: 7.190.000 kr.

**Tilboðsverð: 6.690.000 kr.**

**Hyundai Santa Fe II Premium** BOL38  
Skráður apríl 2014, 2,2 TDCi dísil, sjálfskíptur.  
Ekinn: 43.000 km.



Verð: 2.690.000 kr.

**Tilboðsverð: 2.540.000 kr.**

**Renault Clio Expression** HZK29  
Skráður júní 2015, 1,5TDCi dísil, sjálfskíptur.  
Ekinn 33.000 km.



Verð: 6.790.000 kr.

**Tilboðsverð: 6.390.000 kr.**

**Volvo XC90 Momentum** BOM59  
Skráður desember 2012, 2,4D5i dísil, sjálfskíptur.  
Ekinn 107.000 km.

► Brimborg tekur allar tegundir bíla uppí ► Hagstætt uppítokuverð ► Allt að 90% fjármögnun í boði, ræddu við ráðgjafa

NOTADIR.BRIMBORG.IS



FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK  
Notaðir bílar - Brimborg

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040

Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Söluveildir eru opnar

virka daga kl. 9-17.

brimborg

\*Allir sem kaupa notaðan bíl af Brimborg á tímabilinu 8. til 30. júní fara í pott (athugið að ekki við um umboðssölubíla). Einn heppinn vinningshafi verður svo dreginn út 1. júlí. Í vinning er ferð fyrir tvo á úrslitaleik EM í knattspyrnu 2016 þann 10. júlí. Innifalið er flug með Icelandair, gisting á glæsilegu hóteli og tveir miðar á úrslitaleikinn. Nánari upplýsingar um leikinn má finna á notadir.brimborg.is.

Öruggur staður til að vera á



FRÉTTABLAÐID/ANTON BRINK

# Nýr forseti óhræddur við óvinsælar ákvarðanir

Guðni Th. Jóhannesson er sjötti forseti lýðveldisins Íslands. Hann verður í blárri landsliðstreyju í almennum sætum á leik Íslands og Englands í dag og segir liðið þurfa heppni og sinn besta leik til að vinna. Eitt hans fyrsta embættisverk verður myndun nýrrar ríkisstjórnar.

## FORSETAKOSNINGAR 2016

Snaerós Sindradóttir  
snaeros@frettabladid.is



Þriggja ára stúlka, berleggja í stígvélum, vappar um heimili sitt á Seltjarnarnesi á sunnudagsmorgni. Úfin um hárið spjallar hún við ömmu sína sem komin er frá Kanada til að styðja dóttur sína og tengdason. Ekkert bendir til þess að stúlkunni finnist skritið að eftir rúman mánuð flytji hún á Bessa-staði og verði dóttir forseta Íslands. Enda hyggjast foreldrarir setja hana og bræður hennar í fyrsta sæti meðfram því að sinna hlutverki forseta Íslands og forsetafrúar.

Möðir hennar, Eliza Reid, er líka úfin. „Konur sem hafa gengið með barn skilja hvað ég er að ganga í gegnum. Ég er mjög þreytt en samt ofboðslega glöð. Og allt er breytt,“ segir Eliza og Guðni tekur undir: „Allt er breytt.“

Guðni vill samt sem minnst gera úr þreytunni. „Ég vildi þetta. Ég sóttist eftir þessu og kvarta ekki undan neinu. Nú tekur við nýr kafli þar sem vantar ekki áskoranir og annasama daga. Í embætti verð ég að sameina þetta tvennt, annasama daga og skyldur gangvart fjölskyldu og börnum.“

### Forseti ræður hver fær umboðið

Fyrir liggur að kosið verði til Alþingis í haust. Það verður því í höndum nýs forseta að veita stjórnarmyndunarumboð. „Miðað við skoðanakannanir, þótt atburðir síðustu daga sýni að þeim ber ekki að treysta til fulls, bendir allt til þess að ríkisstjórnin missi sinn meirihluta og verði að biðjast lausnar. Þá þarf að mynda nýja ríkisstjórn og aftur eru teikn á lofti um það að fylgið muni skiptast jafnt og dreifast víða. Og þá liggur í hlutarins eðli að það gæti reynst snúið að mynda nýja ríkisstjórn,“ segir Guðni.

Helsta fordæmið séu alþingiskosningar 1987 þar sem ekki var hægt að mynda tveggja flokka ríkisstjórn. „Forseti ákveður hver skuli fyrst spreyta sig við myndun ríkisstjórnar. Það þarf ég að gera á grundvelli þess sem stjórnmalaleiðtogar segja mér eftir kosningar og á grundvelli þess hvern ég tel líklegastan til að geta myndað ríkisstjórn. Það þarf ekki að vera leiðtogi stærsta flokksins, það þarf ekki að vera leiðtogi þess sem mest hefur unnið á. Það þarf einfaldlega að vera byggt á mati forsetans.“

Guðni segist gera sér grein fyrir því að hann gæti skapað sér óvinsældir strax með þeirri ákvörðun að veita stærsta flokknum ekki stjórnarmyndunarumboð. „Ég geri mér líka grein fyrir því að ég þarf að læra. Allir forsetar hafa þurft tíma til að fóta sig, læra inn á embættið og það gerir verkið kannski ekki auð-

veldara að hefja leikinn á því sem gæti reynst snúið stjórnarmyndunarþref. En kannski fer það svo að flokkarnir nái fljótt og örugglega að koma sér saman um einhvers konar ríkisstjórn. Þannig að ég geng bjartsýnn og glaður til þess leiks, geri mér grein fyrir því að það gæti reynt á mig, en á hinn bóginn gæti líka farið svo að ég verði að mestu leyti áhorfandi.“

### Áfangasigrar um stjórnarskrá

Guðni horfir fjögur ár fram í tímann, eða fram að næstu kosningum. Hann hefur þó sagt að hann muni ekki sitja lengur en þrjú kjörtímabil, tólf ár. Erfitt sé að segja til um hvað gerist í íslenskum stjórnmalum á næstu fjórum árum og hvort ný stjórnarskrá, sem mikið var rædd í kosningabaráttunni, verði að veruleika.

**Allir forsetar hafa þurft tíma til að fóta sig, læra inn á embættið og það gerir verkið kannski ekki auðveldara að hefja leikinn á því sem gæti reynst snúið stjórnarmyndunarþref.**

**Ég vil samt ekki verða of forsetalegur**

**Við vinnum. Ég er búinn að vera bjartsýnn í framboðinu og bjartsýni forsetinn verð ég líka**

„Við þurfum að halda áfram að ræða um stjórnarskrána og að mínu viti væri æskilegt að við næðum einhverjum áfangasigrum eða málamiðlum sem landsmenn yrði sáemilega sáttir við. En hér er frumkvæðið í höndum kjósenda sem velja sér fulltrúa á Alþingi og þeir ákveða síðan næstu skref. Nú göngum við til þingkosninga og vilji fólk í landinu nýja stjórnarskrá eða takmarkaðar breytingar á stjórnarskránni þá kys það flokka sem berjast fyrir þeim breytingum.“

Ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla fór fram síðla árs 2012. Þjóðin samþykkti þá með afgerandi meirihluta að byggja nýja stjórnarskrá á frumvarpi stjórnlagaráðs en kjörsókn var dræm og náði aðeins 50 prósentum í Reykjavíkurborgardæmunum og Kraganum.

„Það reyndist ekki meirihluti á þingi fyrir því að samþykkja tillögur stjórnlagaráðs. Úrslit þingkosninganna 2013 sýndu að enn minnkaði þá stuðningur við tillögur stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá. Það var hinn pólitíski veruleiki. Hins-

vegar getum við horft fram á veg og látið kjósendur og þingmenn og forseta, að því leyti sem hann kemur að málinu, samþykkja breytingar á stjórnarskrá. En það verður að koma í ljós hvað fólk í landinu vill og hvernig sá vilji er látinn í ljós á þinginu því þannig breytum við stjórnarskrá.“

### Nútímavæddir Bessastaðir

Guðni var gagnrýndur fyrir afstöðuleysi í kosningabaráttunni. Hann segir enda að markmiðið sé að forseti standi utan fylkinga og berjist ekki fyrir einu umfram annað.

„Nema þegar við erum að tala um hluti sem breið samstaða og eining er um. Við höfum talað um gildi mannúðar, gildi menntunar, gildi menningar og umhverfisverndar. Á þessum nótum erum við að tala um hluti sem fáir geta verið á móti.“

Þó geti forseti sett mál á dagskrá og skapað umræðu í samfélaginu. „Ég vil ræða um það sem ég finn að fólk í landinu vill að rætt sé um. Minn vilji snýst um það að ég hitti fólk, tali við fólk, finni hvað brennur á fólk og nýti svo hið mikla áhrifa-vald forseta til að setja þau mál á dagskrá. Þú talaðir um ferðabjónustu, við getum líka talað um heilbrigðisþjónustu, höfuðborgarsvæði og aðra hluta landsins, byggðastefnu.“

Ekki sé útilokað að sú umræða heffist að einhverju leyti á samfélagsmiðlum. Guðni er þó ekki búinn að gera upp við sig hvort hann verði forseti á Facebook. „Ég verð að gefa sjálfum mér það svigrúm að kynna mér embættið en ég hefði ekkert á móti því að nýta mér aðrar leiðir en nú eru tiltækar til að koma mínum sjónarmiðum og upp lýsingum á framfæri. Ég vil bara ekki lofa neinu núna. Ég geri mér svo vel grein fyrir því að í hönd eru að fara ábyrgðarmestu ár minnar ævi og vil þess vegna stíga varlega til jarðar. Ég vil samt ekki verða of forsetalegur, ef þannig má að orði komast. Ég vil vera einlægur, svara öllum spurningum og taka vel í allar góðar hugmyndir.“

### Áfram Ísland

Snemma í dag flýgur Guðni til Nice í Frakklandi, ásamt Elizu og elsta syni þeirra hjóna, til að styðja íslenska landsliðið til dáða á móti Englendingum á Evrópukeppninni í fótbolta. Guðni verður klæddur í landsliðstreyjuna, ekki jakkaföt, sem eru einkennisklæðnaður forseta. Þá situr hann ekki í heiðursstúku eins og núverandi forseti Íslands heldur í almennum sætum.

„Við vinnum. Ég er búinn að vera bjartsýnn í framboðinu og bjartsýni forsetinn verð ég líka en um leið raunsær. Við þurfum að eiga okkar besta leik. Við þurfum jafnvel smá heppni en fyrst og fremst þurfum við að hafa trú á sjálfum okkur og hana skortir land og landslið ekki þessa dagana.“

## Vann Guðna í happdrætti á námsárunum

Eliza Reid og Guðni Th. kynntust árið 1998 þegar þau voru í námi í Oxford á Bretlandi.

Eliza er fædd árið 1976 í Kanada Guðni er fæddur árið 1968

Í Fréttablaðinu 7. maí sagði Eliza frá því hvernig hún náldi í Guðna í fjárflyflun hjá röðrarliði skólans þar sem stelpur keyptu sér happdrættismíða til að eiga tækifæri á stefnumóti með strákunum. „Mér fannst Guðni svolítið skemmtilegur svo ég keypti tíu míða og setti átta í hans dós. Að setja alla tíu var kannski aðeins of mikið en ég vildi samt eiga séns. Og hann dró nafnið mitt.“

### Guðni og Eliza eiga fjögur börn

Duncan Tindur fæddur 2007

Donald Gunnar fæddur 2009

Sæþór Peter fæddur 2011

Edda Margrét fædd 2013

Rut Guðnadóttir, fædd 1994, úr fyrra hjónabandi.



Guðni Th. Jóhannesson og Eliza Reid hafa verið saman síðan árið 1998. Hún ætlar sér að vera virkur forsetamaki og vera öflug í kynningu á íslenskrri menningu út fyrir landsteinana. FRÉTTABLAÐID/ERNIR

**Nýtt!**  
3 mest seldu plástrarnir í einum pakka

Láttu ekki blöðru stoppa þig!  
Notaðu COMPEED® fyrirbyggjandi eða til að græða sárið

COMPEED®  
Be Unstoppable



Stade de Nice

**ENGLAND - ÍSLAND**

Mánudaginn 27. júní kl: 19:00



# Spilum með hjartanu

Kia er stoltur styrktaraðili EM 2016



**Vélin er smurð. Allt getur gerst. Áfram Ísland!**



ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is  
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.



Fylgdu okkur á Facebook.  
[facebook.com/kiamotorsisland](https://facebook.com/kiamotorsisland)

# Við getum ekki annað en fagnað

Halla Tómasdóttir tók óvænt stórt stökk í fylgi mjög skömmu fyrir kosningar. Sumir hafa kallað hana óformlegan sigurvegara kosninganna. Hún hefur ekki gert upp hug sinn um hvort hún hyggst bjóða sig fram til embættis forseta að nýju að fjórum árum liðnum.

**FORSETA  
KOSNINGAR**  
—2016—

„Við vorum búin að finna fyrir vaxandi meðbyr í einhvern tíma, en þetta var mun meira en ég átti von á. Ég er full auðmýktar og þakklætis. Það snertir mann djúpt þegar maður fer úr því að vera sífellt spurður um hvort maður ætli að hætta, í það að finna að ef þú hefur aðeins meiri tíma gætirðu jafnvel klárað þetta,“ segir Halla Tómasdóttir, sem var næst á eftir Guðna Th. Jóhannessyni. Halla hlaut 28 prósent atkvæða.

„Ég upplifði það áður en tölur birtust að þetta væri sigur fyrir mig og mitt fólk. Ferðin var svo skemmtileg og lærdómsrík. Ég óska Guðna og Elízu til hamingju með ný hlutverk og óska þeim velgengni.“

Fylgi Höllu varð mun meira en mældist í skoðanakönnunum, þó hún hafi tekið stökk í þeim könnunum sem birtust rétt fyrir helgi. Þó nokkrir hafa stigið fram og sagt Höllu óformlegan sigurvegara kosninganna, þótt hún hafi ekki staðið uppi sem forseti, m.a. í Sprengisandi á Bylgjunni í gær.

„Ég hef alltaf vitað að það býr í mér seigla og kraftur og ég get allt sem ég vil. En í þessari vegferð var maður að leggja sig meira í dóm þjóðarinnar en nokkru sinni. Maður á eiginlega erfitt með að koma orðum að þessu enn þá, en mín upplifun er sú að þegar

fólk fékk tækifæri til að kynna mér og mínum áherslum óx meðbyrinn. Auðvitað vildu stuðningsmenn og ég sjálf að við tækjum þetta alla leið, en ég held að allir upplifi þessa vegferð árangursríka. Við getum ekki annað en fagnað. Það hefur verið gestkvæmt hjá mér í dag og margir hvatt mig til að fara aftur fram eftir fjögur ár, en ég hef nú ekkert ákveðið í þeim efnum,“ segir Halla og hlær.

En hvað tekur þá við? „Ég tek engar stórar ákvarðanir ennþá,“ útskýrir Halla, sem er á leið í fri með fjölskyldunni.

„En ég tók þá ákvörðun þegar dóttir mín fæddist að láta ekki mitt eftir liggja til að hafa áhrif á heiminn sem hún og sonur minn taka svo við. Hvað sem ég hef gert síðan hefur tekið mið af því að mig langar að gera heiminn örflítið betri, ekki síst fyrir ungar stúlkur. Hvort sem var Auður í krafti kvenna, Auður Capital eða framboðið, þá gengur mér það eitt til að reyna að hvetja og virkja stráka og stelpur, horfa til framtíðar og byggja upp samfélag þar sem við getum horft til baka og séð að við höfum gert og sagt hluti sem skipta máli.“

Ég fór inn í þetta framboð til að gera gagn og láta gott af mér leiða og ég tel að okkar vegferð hafi gert hvort tveggja. Ég er þakklát öllum þeim sem ljáðu mér margvíslegan stuðning og það er ekki til sárt bein í mínum líkama. Bara gleði.“  
olof@frettabladid.is



**Halla Tómasdóttir**

Ég hef alltaf  
vitað að það býr  
í mér seigla og kraftur.  
Ég get allt sem ég vil.

Frá kosningavöku Höllu Tómasdóttur á laugardagskvöld. FRÉTTABLAÐID/ANTON

## Virkjum hugaraflíð

Málstofa um nýsköpun í orkuiðnaði

**Málstofan er öllum opin og fer fram á Selfossi í Fjölheimum við Tryggvagarð, þriðjudaginn 28. júní kl. 15:00–19:00.**

Hugmyndaríkir einstaklingar og ný tækifæri finnast um allt land. Í júní standa Landsvirkjun, KPMG, Iceland Geothermal og Nýsköpunarmiðstöð Íslands fyrir málstofum um nýsköpun í orkuiðnaði í samstarfi við atvinnuþróunarfélög og sveitarfélög á svæðinu. Þátttakendum býðst að fræðast um framgang nýsköpunar í orkuiðnaði í héraði og á landinu öllu en einnig að koma sínum hugmyndum á framfæri og keppa til veglegra verðlauna í hugmyndasamkeppni.

### Dagskrá

- Nýsköpun og tækifæri í orkuiðnaði
- Fjölbreytileiki og árangur af frumkvöðlaverkefnum
- Hvernig kem ég góðri hugmynd í framkvæmd?  
Gerð viðskiptaáætlana og stuðningur við frumkvöðla.

Nánari upplýsingar og skráning eru á [www.landsvirkjun.is/virkjumhugaraflid](http://www.landsvirkjun.is/virkjumhugaraflid). Allir velkomnir!

#nýsköpunarorka

**Andri Snær Magnason**

## Pakkar jakkafötunum

„Þetta var langt ferðalag. Við erum að lenda. Ég ætla ekki að setja á mig bindi fyrir en um jólin.“ segir Andri Snær Magnason hlæjandi. Hann hlaut um fjórtán prósent atkvæða og hafnaði í þriðja sæti.



„Það var enginn ósigur. Það var magnað hvað var mikil hamingja fram eftir nóttu í Iðnó. Ég fór fram með háleitar og skýrar hugmyndir og það var gleðilegast að sjá að það náði inn í hóp ungra kjósenda. Á laugardaginn var bara þakklæti. Þakklæti fyrir að setja mál á dagskrá og hugur í fólk. Þetta var þess virði,“ útskýrir Andri.

„Ég vil óska Guðna velfarnaðar í starfi og ég vissi alltaf að Halla ætti meira inni. Að sumu leyti liður mér þó eins og baráttan hafi aldrei farið fram. Sjónvarpið er sterkasti miðillinn og þar náðist aldrei að skapa alvöru umræður um framtíðina og hvað forsetinn vill eða getur gert. Kappræðurnar snerust að mestu um línulegar spurningakeppnir.“

**David Oddsson**

## Vel tekið hvarvetna

„Mér finnst nú að sigurvegari megi mjög vel við una, þó hann hafi haft mun meira fylgi í skoðanakönnunum á tímabili, þá er það eiginlega aukaatriði og gleymist,“ segir David Oddsson forsetaframbjóðandi. David hafnaði í fjórða sæti, með um fjórtán prósent, nokkru færri atkvæði en Andri Snær.



„Miðað við allt held ég að Guðni hafi góðan stuðning og bakgrunn.“ David segir það eina sem sitji eftir kosningar þegar frá liður vera sigurvegarann. „Það hefur sýnt sig að forsetaframbjóðendur hafa aldrei skaðast á því að vera í svona framboði og ég á ekki von á að það gerist núna. Ég held ekki að ég skaðist. Ég reyndar býst við því að ég hefði frekar séð eftir því ef ég hefði látið það vera að fara í þessa skorpu, að fá smá tilfinningu fyrir því sem maður var að gera fyrir tíu-fimmtán árum; að fara svona um og tala við fólk. Mér var hvarvetna vel tekið þó það hafi ekki breyst í atkvæði, þá var það ósköp notalegt fyrir mig.“

**Elisabet Kristín Jökulsdóttir**

## Manni liður eins og regnboga

„Fólk streymir að. Það er hylling hérna á Framnesvegnum, heimili mínu, í dag og ég er að gefa fólkinu kaffi svo það geti hyllt mig. Ég er voða ánægð með þessa hyllingu, ég sé þetta í hillingum,“ segir Elisabet Kristín Jökulsdóttir. Hún fékk 0,7% atkvæða en vakti athygli fyrir einstaka kosningabaráttu, sem var ólík hinna.

„Manni liður alls konar, en dásamlega yfir það heila. Manni liður eins og regnboga. Það er bara frábært að fólk skuli geta kosið og fundið út úr öllum þessum nýju, nju frambjóðendum. Það er alveg stórkostlegt. Mér finnst þetta dásamleg úrslit. En svo þarf maður að melta þetta og kryfja betur. Margir töluðu um hvað framboðið mitt væri fallegt og kærleiksríkt, en ég fæ 0,7 prósent fylgi, sem mér finnst æðisgengið, en þetta er verkefni fyrir stærðfræðiprófessor.“

En hvað tekur við í lífi Elisabetar? „Ég ætla nú bara að fara með hundana út að labba, fá jarðsamband og tengja við himin og haf og þessa orðlausu tjáningu hundanna. Við munum fagna og svo ætla ég að fara inn í mig og leita þar nýrra ævintýra.“







## Brú til **NÝRRA** tíma

Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga hefur fengið nýtt nafn og nýja ásýnd

Sjóðurinn heitir nú **Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga**. Nafnið er lýsandi fyrir hlutverk lífeyrissjóðsins sem er að tryggja örugga afkomu og léttu leiðina milli æviskeiða. Brúin í merkinu endurspeglar þessa tengingu æviskeiðanna, en litirnir lýsa lífsgleði og hinum fjölbreyttu verkefnum sem sjóðfélagar sinna í samfélaginu.

Aðild að Brú eiga þeir starfsmenn sveitarfélaga sem hafa kjarasamningsbundna aðild að BSRB, BHM og KÍ. Sjóðurinn starfrækir einnig deild sem er opin öðrum launþegum.

**Kynntu þér Brú á vefsíðunni okkar [www.lifbru.is](http://www.lifbru.is)**

# Reyna að koma í veg fyrir Brexit

Milljónir Breta krefjast annarra kosninga um áframhaldandi viðveru Bretlands í Evrópusambandinu. Æðsti ráðherra Skotlands íhugar að beita neitunarvaldi gegn Brexit. Tugir þúsunda hafa boðað komu sína á mótmæli á morgun. Fjöldi skuggaráðherra Verkamannaflokksins segir af sér.



Sæunn Gísladóttir  
saeunn@frettabladid.is

Tæplega 3,5 milljón manna hafði í gærkvöldi skrifað undir undirskriftalista í Bretlandi sem krefst þess að kosið verði aftur um útgöngu Breta úr Evrópusambandinu. Síðastliðinn fimmtudag kusu 52 prósent kjósenda með útgöngu, en 48 prósent gegn. Kjörsókn var hins vegar 72 prósent. Æðsti ráðherra Skotlands íhugar að neita að gefa lagalegt samþykki fyrir útgöngu.

Forsvarsmenn undirskriftalistans vilja að kosningarnar verði ógildar ef sextíu prósent kjósa ekki aðra hvora hlið, þegar kjörsókn er undir 75 prósentum. William Oliver Healey, aðgerðasinni og meðlimur enskra demókrata, sem barðist fyrir útgöngu Breta úr ESB stofnaði undirskriftalistann þar sem hann óttaðist að Bretland yrði áfram í ESB. Samkvæmt lögum þarf breska þingið að íhuga umræður um undirskriftalista sem ná hundrad þúsund undirskriftum.

Á laugardaginn fóru mótmæli fram fyrir utan breska þingið þar sem stuðningsmenn áframhaldandi viðveru gagnrýndu úrslit kosninganna. Boðað hefur verið til áframhaldandi mótmæla við Trafalgar Square í London á þriðjudaginn og hafa tugir þúsunda boðað komu sína á mótmælin.

Nicola Sturgeon, æðsti ráðherra Skotlands, segir í samtali við BBC að hún muni biðja alla meðlimi skoska þingsins um að neita að gefa lagalegt samþykki fyrir útgöngu úr ESB. Í kosningunum studdu 62 prósent kjósenda í Skotlandi áframhaldandi viðveru, en 38 prósent studdu útgöngu. Óvíst er þó hvort Skotland geti komið í veg fyrir útgönguna.



Ósáttir Bretar mótmæltu niðurstöðu Brexit-kosninganna fyrir utan breska þingið á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Upplausn innan Verkamannaflokksins

Eldri þingmenn Verkamannaflokksins hafa kallað eftir aðgerðum til að koma í veg fyrir að aðskilnaður frá ESB eigi sér stað. Meðlimar Verkamannaflokksins gagnrýna harðlega forystu Jeremys Corbyn, leiðtoga flokksins, í Brexit-kosningunum.

Niðurstaða kosninganna var ekki bindandi, og þarf þingið enn þá að samþykkja útgöngu. The Independent greinir frá því að David Lammy,

þingmaður verkamannaflokksins, segir að breska þingið þurfi að ákveða hvort það ætli að láta af útgöngunni verða á næstu vikum.

Fjöldi ráðherra Verkamannaflokksins hafa sagt af sér í mótmælaskyni við forystu Corbyns. Samkvæmt heimildum Independent er fleiri afsagna að vænta og talið er að helmingur skuggaráðherranna muni segja af sér.

Sturgeon mun funda ásamt samstarfsfólki sínu með embættismönnum í Brussel í vikunni um áframhaldandi viðveru Skotlands í Evrópusambandinu. Árið 2014 var kosið um sjálfstæði Skotlands og kusu 55 prósent gegn því. Í kjölfar Brexit-kosninganna er talið líklegt að Skotland muni kjósa um sjálfstæði á ný til þess að tryggja viðveru í ESB.

BBC greinir frá því að Carwyn Jones, æðsti ráðherra Wales, sé

ekki sömu skoðunar og Sturgeon og hafni þeirri hugmynd að meðlimir þingsins í Wales reyni að koma í veg fyrir Brexit.

**62%**  
skoskra kjósenda  
vildu ekki  
yfirgefa ESB

Frá niðurstöðu kosninganna hefur forsætisráðherra Bretlands, David Cameron, tilkynnt um afsögn sína. Mikil óvissa ríkir í kringum skilmála

Bretlands við útgöngu úr ESB, en talið er líklegt að ekki verði af formlegri útgöngu fyrir en síðari hluta árs 2018.

## Markaðstorg Kringlunnar

# Hættir

Allt á að seljast! 3 verð  
1000 kr 2000 kr 3000kr.

Markaðstorg Kringlunnar  
3 hæð.



Marianos Rajoy, starfandi forsætisráðherra Spánar, á kjörstað í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Líkur á áframhaldandi stjórnarkreppu á Spáni

**SPÁNN** Allt bendir til þess að Lýðflokkur Marianos Rajoy, starfandi forsætisráðherra Spánar, beri sigur úr býtum í þingkosningunum sem fóru fram þar í landi í gær. Flokknunum er þó ekki spáð meirihluta og því eru líkur á áframhaldandi stjórnarkreppu.

Enginn flokkur náði meirihluta í þingkosningunum í desembermánuði síðastliðnum og hefur stjórnarkreppa ríkt í landinu síðan þá. Þegar áttatíu prósent atkvæða höfðu verið talin í gær leit út fyrir að Lýðflokkurinn myndi ná 135

sætum á spænska þinginu, PSOE myndi ná 89 sætum, Unidos Podemos 71 sæti, og miðju flokkurinn Ciudadanos 29 sætum.

Skoðanakannanir höfðu áður sýnt að tveir stærstu vinstri flokkar landsins, Unidos Podemos og Sósíalistaflokkurinn, gætu mögulega náð meirihluta saman, eða þeim 176 sætum sem þarf til að mynda ríkisstjórn.

Almenningur á Spáni er orðinn þreyttur á stöðunni og er jafnvel talið líklegt að á næstu mánuðum þurfi aftur að efna til þingkosninga. – sg

# HJÓLAÐU Á VIT ÆVINTÝRANNA

**X24  
49.990 KR.**

24" barnafjallahjól.  
Vel búio og sterkt  
fjallahjól, tilbúio  
í hasar. Til í  
svörtu og  
hvítu.



**RENEGADE EXILE  
169.990 KR.**

28" ævintýrahjól.  
Þægilega uppsett  
Racer hjól sem  
býður upp á  
ótal möguleika.



**DXT SPORT  
99.990 KR.**

28" Dual Sport hjól.  
Frábært hjól fyrir  
þann sem vill  
komast hratt og  
örugglega yfir  
möl og malbik.



**DURANGO SPORT  
99.990 KR.**

29" fjallahjól.  
Hjólaðu hvar og hvenær  
sem er á vel útbúnu  
27 girra fjallahjóli.



**ALLEGRO  
69.990 KR.**

28" götuhjól.  
Létt og lipurt götuhjól,  
frábær ferðamáti.



**LASER 1.6  
39.990 KR.**

16" barnahjól.  
Sterkt og gott  
barnahjól með fót-  
og handbremsu.



Hjóladeildin er í Smáralind, fást einnig í Glæsibæ.

GLÆSIBÆ

KRINGLUNNI

SMÁRALIND

**ÚTILÍF**

síðan 1974

utilif.is

# Nýr forseti



Fanney Birna Jónsdóttir  
fanney@frettabladid.is

Þjóðin hefur kosið sér nýjan forseta. Kjör Guðna Th. Jóhannessonar sagnfræðings á laugardag kom raunar lítið á óvart. Allar skoðanakannanir höfðu gefið til kynna stórsigur hans margar vikur í röð, þrátt fyrir að fylgið við hann hafi dalað örlítið síðustu vikur fyrir kosningarnar. Að lokum hlaut hann tæp 40 prósent atkvæða.

Raunar var það einnig viðbúð. Fylgið við Guðna mældist í hæstu hæðum eftir að hann tilkynnti um framboð sitt og fékk hann mest tæplega 70 prósent fylgi í könnunum sem var ávallt óraunhæft. Kosningabaráttan spilaðist því þannig að strax frá því nýkjörinn forseti tilkynnti um framboð sitt hafði hann öllu að tapa. Í slíki stöðu er ekki óeðlilegt að menn fari í svolitla vörn og passi sig á að fæla ekki frá sér stuðningsmenn með ítarlegum útlitunum á málefnum og ágreiningsefnum. Sem síðan leiddi til þess að lítið sást af persónutöfrum frambjóðandans og þeirri ástríðu sem áður hafði sést að hann býr yfir. Eilítið litleysi gerði vart við sig.

Í því andrúmslofti var það Halla Tómasdóttir sem sótti mest á Guðna. Árangur Höllu er glæsilegur og eftirtektarverður en hún endaði með tæplega 28 prósent fylgi. Tæpri viku fyrir kosningar hafði hún tekið tíu prósentastökk í skoðanakönnunum á aðeins einni viku sem hún síðan endurtók síðustu vikuna í baráttunni. Óvist er hvort hún hefði náð að sigla fram úr Guðna hefði kosningabaráttan verið lengri. Eiríkur Bergmann stjórnmálafræðingur segir í samtali við Fréttablaðið í dag að Halla hafi toppað á nákvæmlega réttum tíma. Hún hafi farið óáreið í gegnum kosningabaráttuna þar sem aðrir frambjóðendur litu ekki á hana sem keppinaut og fjölmiðlar ekki krafði hana svara um feril sinn eins og gert sé þegar fólk á möguleika á kjöri. „Hefði kjörið verið seinna, þá hefði hún þurft að sæta meiri gagnrýni,“ segir Eiríkur.


Með stærri fréttum þessara kosninga, þrátt fyrir að með þeim hafi sjötti forseti lýðveldisins verið kosinn og sá yngsti, er samt sem áður slæmt gengi fyrirverandi borgarstjóra og forsætisráðherra; einhvers ástsælasta formanns Sjálfstæðisflokksins. Davíð Oddsson varð í fjórða sæti með 13,7 prósent atkvæða. Þegar hann fyrst bauð sig fram bjuggust margir við að Davíð fengi meiri meðbyr, sérstaklega eftir að sitjandi forseti hætti við sitt framboð. En svo virðist sem Davíð og stuðningsmenn hans hafi lesið stöðuna alrangt, auk þess sem kosningabaráttan hans var mikið til með neikvæðum blæ, eitthvað sem ekki átti upp á pallborðið hjá kjósendum. Ljóst er að kallað var eftir breytingum, nýjum tímum og nýrri kynslóð við stjórnvölin.

En nú liggur niðurstaðan fyrir og réttast að þjóðin sameinist að baki nýjum forseta. Guðni hefur verið nokkuð óumdeildur og mun að öllum líkindum sinna starfinu vel. En það vekur óneitanlega athygli að hann hlýtur kosningu án þess að fá meirihluta fylgis. Aðeins Vigdís Finnbogadóttir hefur fengið lægra hlutfall atkvæða eða þriðjung. Enn víðrar sig sú spurning hvort ekki sé rétt að hafa forsetakosningar í tveimur umferðum líkt og þekkist víða annars staðar þannig að forsetinn hafi ávallt meirihluta þjóðarinnar að baki sér.



Ljóst er að kallað var eftir breytingum, nýjum tímum og nýrri kynslóð við stjórnvölin.

## Halldór



## Frá degi til dags

**Talning gekk vel**  
Yfirkjörstjórn í Reykjavík norður var fyrst til að skila lokatölum í forsetakosningunum. Ætla má að allt kapp hafi verið lagt á farsæla talningu af Tómasi Hrafn Sveinssyni, betur þekktur sem Talninga-Tómas, svo æra hans verði uppreist eftir síðustu sveitarstjórnarkosningar. Þá varð Tómas að skotspóni og athlægi af óvægnum glensurum á Twitter sem rifu hann í sig með háði og spotti vegna þess að tölur töfðust í Reykjavík. Reikningsskekklja upp á 40 atkvæði varð til þess að ekki var hægt að birta lokatölur fyrr en á áttunda tímanum. Talning gekk smurt fyrir sig í gær og von til þess að Talninga-Tómas geti nú borið viðurnefnið með stolti fram að næstu kosningum.

**Halla upp kantinn**  
Kosningabaráttan sigurstranglegust frambjóðendanna fór að mestu leyti í að verjast og ræða fortíðina. Á meðan tókst Höllu Tómasdóttur, dóttur píparans sem gekk fimm kílómetra á dag í skólann og fór að vinna fyrir sér frá sjö ára aldri, að keyra upp kantinn án þess að nokkur tæki eftir því. Hún dreif inn í teig en skotið kom augnabliki of seint og Guðni Th. náði að verjast með naumindum. Ef Halla hefði farið fyrr af stað er aldrei að vita nema hylling nýs þjóðhöfðingja hefði verið í Kópavogi en ekki á Seltjarnarnesi.  
snaeros@frettabladid.is

## Tekjur af ferðamönnum



Oddný G. Harðardóttir  
formaður Samfylkingarinnar

Ferðabjónustan er á skömmum tíma orðin stærsta atvinnugrein þjóðarinnar. Því fylgja góðar gjaldrystekjur og atvinnutækifæri en einnig það að fleiri nýta sér þjónustu sem greidd er úr ríkissjóði. Ríkisstjórnin hefur ekki brugðist við auknum kostnaði og er bæði stefnu- og ráðalaus sem bitnar á þjónustu við ferðamenn og íbúa landsins.

Ef ekki verður gripið um stjórnartaumana er líklegt að orðspor Íslands sem ferðamannastaðar skaðist og að fjárfestingar sem ráðist hefur verið í beri sig ekki, með slæmum fjárhagslegum afleiðingum. Við í Samfylkingunni krefjumst aðgerða strax og viljum að:

- Heilbrigðisþjónusta og sjúkraflutningar verði styrktir um allt land.
- Lögreglu verði gert kleift að sinna íbúum jafnt sem ferðamönnum.
- Viðhald vega verði aukið umtalsvert.
- Öryggi ferðamanna verði bætt og uppbygging ferðamannastaða eflað.
- Íbúðum verði fjölgað verulega, svo ásókn ferðabjónustunnar spenni ekki upp húsnæðisverð og framboð verði nægilegt fyrir fjölskyldur sem þurfa þak yfir höfuðið.
- Tekjur af ferðamönnum renni líka til sveitarfélaga.

Ferðamenn greiða lágan virðisaukaskatt af gistingu og afþreyingu. Með hækkan virðisaukaskatts í almennt þrep með hæfilegum aðlögunartíma fengjast um tíu milljarðar króna árlega í ríkissjóð til að mæta auknum útgjöldum. Ég tel það einföldustu og bestu leiðina til að bregðast við vandanum. Og í virðisaukaskattskerfinu er allt klappað og klárt.

Aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar hefur leitt til þess að almenningur ber nú kostnaðinn en ferðamennirnir fá afslátt. Það gengur ekki lengur. Við verðum að stýra þróuninni og skapa ferðabjónustunni almenn rekstrarskilyrði sem gefa tekjur til viðhalds vega, í heilbrigðisþjónustu, verndun náttúru og löggæslu. Þannig greiða ferðamennirnir fyrir uppbyggingu sem nýttist bæði greininni og íbúum um allt land.





**Sparið kraftana**  
**Skemmið ekki hjólhýsið**

Notið **kronings**

**Kronings**  
sólarsellur 100w.

Verð með öllu kr. 69.000,-

**Kronings**  
hjólhýsahreyfir  
(mover)

Verð frá kr.189.000,-

**Allar upplýsingar í s. 866 5395**  
Netfang: Kriben@simnet.is  
www.kronings.com

# Sigurvegarnar

Í DAG



Guðmundur  
Andri  
Thorsson  
rithöfundur

Andri Snær var sigurvegari kosninganna. Hann fékk að visu ekki meirihluta greiddra atkvæða en framboð hans kveikti elda í brjóstum landsmanna sem loga um ókomin ár. Hann fékk meirihluta ógreiddra atkvæða. Yngri dóttir mín sem enn er ekki komin með kosningarétt studdi hann eindregið – og allir vinir hennar og slíkur frambjóðandi er á framtíðarvegi. Hugsjónir hans verða orðnar að almæltum tíðindum innan tíu ára – enda snúast þær um mikilvægustu mál mannkyns, sjálfa framtíð þess á jörðu. Og það voru ekki bara málefni sem gerðu hann sigursælan heldur umræðu-háttur hans líka; nærvera hans á hinu opinbera sviði; hvernig hann nálgast málefni í tali sínu, einbeittur, kipur augun, lyftir lófum eins og til að grípa hugsun þegar hún kemur á ógnarhræða, kurteis og beittur, fyndinn, andrjúkur; talar stundum lágt sem neyðir þau sem hlusta til að hugsa.

## Fylgjufylgið

Annars var það auðvitað Elísabet Kristín Jökulsdóttir sem var sigurvegari kosninganna. Úr ýmsum áttum barst vandlætningarhuss yfir því hvað hún vildi eiginlega upp á dekk og hagaði sér ekki eins og almennilegt lærviðarskald og klæddist purpuraskikkju þegar Dansinn hennar við Ufsaklett var lagður fram til Norðurlandaverðlauna ... en hún reyndist eiga erindi upp á dekkið: jafnvel brýnt. Hún hafði eitthvað fram að færa. Hún kom úr einhverri átt, talaði um eitthvað og á einhvern hátt sem enginn annar hefði verið fær um. Hún bauð upp á dansspor og dreymin tilsvör en svaraði líka hreint og beint þegar þess þurfti. Hún talaði fyrir allt það fólk í samfélaginu sem glímur við fíknir, árættur, ókyrrð í lofti í blindhugarflugi, og misalvarleg geðveikindi – það er að segja, eiginlega okkur öll.

Hún fékk allt fylgjufylgið – fylgjurnar okkar kusu hana og í þrettánda vidd-inni er hún þegar tekin til starfa sem hennar hátign Elísabet fyrsta. Hér í hvunnadagsviðdunum var það hins vegar Halla Tómasdóttir sem var sigurvegari kosninganna – að sjálfsögðu. Hún hafði margt á móti sér í byrjun. Baugsklappstýran með oflætisfirur hins markaðsöða viðskiptaþings í mal sinum sem með frasa úr sjálfstýrkingarnámskeiðum á vör býðst til að gerast mannauðs stjóri íslensks þjóðlífs eftir að hafa hvorki meira né minna en stofnað banka – að kjósa hana myndi fullkomna uppgjörið við uppgjörið við hrúði. Svona hugsuðu mörg þegar hún kom fram: málið var ekki að hún væri óþekkt



Allir voru sigurvegarnar – að sjálfsögðu – og þau sem minnsta fylgið fengu ljómuðu beinlínis af hamingju á kosninganótt.

heldur var hún of merkt markaðs- ofstæki Stóru-Bólu í huga margra.

En hún setti undir sig hausinn, hélt milljón fundi út um allar þorpa-grundir, einn í einu, mann á mann, og útskýrði hugmyndir sínar og sýn á íslenskt samfélag og verkefni þess – kom svo í sjónvarpið og glansaði þar. Rétt eins og Andri Snær, Elísabet og Guðni var hún jákvæð og uppbyggileg, vingjarnleg í garð meðframbjóðenda en eldheit í löngun sinni að duga landi og þjóð. Engir útúrsmuningar, engir stælar, enginn skætingur, enginn píslarvættis-ofleikur – bara gleði. Og um síðir tengdi fólk hana ekki lengur við útrás og bankstera heldur fyrst og fremst við þjóðfundinn og gildin góðu sem út úr honum komu og hugsjónir um nýja stjórnarskrá, nýjan samfélagsáttmála – og sjálfa kvenorkuna. Og eitthvað sem líktist vongleði. Auðvitað græddi hún á því þegar hinar fráleitu árásir Davíðs og

liðsöda hans dundu á Guðna, stóð hvít-klædd og brosandí, jákvæð og ósnortin af karlaslagnum, sem einkenndist að visu af því að Davíð var einn að ólmast í sínum drullupólí að sletta á Guðna. Og það munaði engu að hún næði, á síðustu metrunum, að hrifsa til sín kórónuna sem allir töldu að Guðni ætti vísa.

## Fyrir hvað stendur hann?

En það var sem sé Guðni Th. Jóhannesson sem var að sjálfsögðu sigurvegari kosninganna. Hann var hreinlega sóttur upp í háskóla, mátaður við djöbbið af væntanlegum vinnuveitanda – þjóðinni – og sagt að sækja um; málefnalegur, skýrmæltur, svolítið glaðhlakkalegur, vænn – bjart yfir honum. Það er eðlilegt að frambjóðandi hljóti ekki yfir fimmtíu prósent atkvæða þegar nýr forseti er kjörinn úr hópi fólks sem ekki gegnir starfinu. Hið mikla fylgi sem hann hafði framan af var sýndarfylgi; að miklu leyti frá fólki sem hugðist aðallega kjósa ekki Davíð heldur þann sem líklegastur væri til að skáka honum. Þegar fólk fór svo að slaka á og sjá að það hafði ekki ástæðu til að óttast Davíð (frekar en kannski nokkru sinni – veldi hans var ekki síst smíðað úr ótta við hann) fór fólk eðlilega að skima eftir öðrum kostum sem fremur töluðu í anda hugsjóna og gilda sem það aðhylltist. Því að þó að Guðni stangi kannski ekki á eindreginn hátt fyrir tiltekna hugsjónir og gildi – fyrir utan lýðræði og frelsi í víðum skilningi – þá er ekki þar með sagt að hann standi

